

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/622****2030/EES/376/06****frá 15. apríl 2021****um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB
að því er varðar samræmd skýrslusniðmát, fyrirmæli og aðferðafræði um hvernig gefa eigi
skýrslu um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 45. gr. j,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skilastjórnvöld hafa fengið það verkefni að ákveða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) í samræmi við kröfurnar og verklagið sem mælt er fyrir um í 45.–45. gr. i í tilskipun 2014/59/ESB. Til að aðstoða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina (EBA) við að efla samleitni þvert á Sambandið við setningu lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er skilastjórnvöldum skylt skv. 45. gr. j í þeirri tilskipun að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, í samráði við lögbær yfirvöld, um þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem þau hafa ákveðið.
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/308 ⁽²⁾ tilgreinir snið og sniðmát fyrir skilastjórnvöld til að senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem varða ákvarðanir þeirra um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Frá því að sú framkvæmdarreglugerð var samþykkt hefur kröfunum varðandi tapþols- og endurfjármögnunargetu og einkum þætti og aðferðafræði við að ákveða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/59/ESB, verið breytt og þær tilgreindar nánar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 ⁽³⁾.
- 3) Til að auðvelda eftirlit Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar með ákvörðunum um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og til að tryggja marktækt mat á samleitni þvert á Sambandið við ákvörðun lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti að aðlaga sniðin og sniðmátin, sem eru tilgreind fyrir auðkenningu og sendingu upplýsinga um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar frá skilastjórnvöldum til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, til að þau endurspegli breytingarnar á tilskipun 2014/59/ESB, einkum varðandi stig víkjandi skulda í lágmarkskröfunni um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gildir um aðila sem ekki eru skilaaðilar sjálfir.
- 4) Að því er varðar hópa sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni er nauðsynlegt að skýra hvaða skilastjórnvald ætti að senda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Þess vegna ættu skilastjórnvöld sem bera ábyrgð á dótturfélögum samstæðna að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, í samráði við lögbær yfirvöld, um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem hefur verið ákveðin fyrir hverja stofnun í lögsögu þeirra. Í þessum upplýsingum ættu að felast þær lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ákveðnar voru á grundvelli sameiginlegrar ákvörðunar sem náðist milli skilastjórnvalds skilaaðilans, skilastjórnvaldsins á samstæðustigi, sé það annað en hið fyrra, og skilastjórnvaldsins sem ber ábyrgð á dótturfélaginu á einingargrunni. Sé sameiginleg ákvörðun ekki til staðar ættu þær upplýsingar einnig að fela í sér ákvarðanir skilastjórnvalds dótturfélagsins á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 123. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 31, 20.4.2023, bls. 45.

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/308 frá 1. mars 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar form, sniðmát og skilgreiningar vegna auðkenningar og sendingu upplýsinga af hálfu skilastjórnvalda í þeim tilgangi að upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 7.)

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/879 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tapþol og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB (Stjtið ESB L 150, 7.6.2019, bls. 296).

lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við, eftir atvikum, þá ákvörðun sem Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er heimilt að taka í samræmi við 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁴⁾.

- 5) Til að stuðla að samleitni starfsvenja við ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og til að styrkja eftirlitshlutverk Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar ætti að samstilla skýrslutímabil og skiladaga fyrir sendingu skilastjórnvalda á upplýsingum, samkvæmt fullri og einfaldaðri skýrslugerð, til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.
- 6) Til að bæta gæði gagna og tryggja sambærileika ættu gagnaatriðin, sem sett eru fram í skýrslusniðmátunum, að hlíta samræmda gagnapunktalíkaninu eins og venja er við skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda. Samræmda gagnapunktalíkanið ætti að samanstanda af skipulegri framsetningu á gagnaatriðunum, auðkenna öll viðkomandi viðskiptahugtök til samræmdrar skýrslugjafar um ákvarðanir um lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og ætti að innihalda allar viðkomandi skilgreiningar sem nauðsynlegar eru til frekari þróunar á samræmdum upplýsingatæknilausnum fyrir skýrslugjöf. Af sömu ástæðu ætti gagnaskiptasniðið að vera sett fram í tilkynningakerfi Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar (EUCLID).
- 7) Til að tryggja gæði, samkvæmni og áreiðanleika gagnaatriðanna sem eru tilkynnt ættu gagnaatriðin að falla undir almennar sannprófunarreglur.
- 8) Að gefnu umfangi nauðsynlegra breytinga á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/308 er æskilegt, til glöggvunar, gagnsæis og réttarvissu, að fella þá framkvæmdarreglugerð úr gildi og láta nýja framkvæmdarreglugerð koma í stað hennar.
- 9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 10) Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem senda á Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni

Skilastjórnvöld, í samráði við lögbær yfirvöld, skulu senda Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í sniðmátunum sem sett eru fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð í tengslum við ákvörðun lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45.–45. gr. h og 45. gr. m í tilskipun 2014/59/ESB.

2. gr.

Einfölduð skýrslugjafarkrafa fyrir stofnanir sem falla undir undanþágur og fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæð er núll

1. Fyrir stofnanir þar sem veitt hefur verið undanþága frá beitingu lágmarkskrafna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. 3. mgr. 45 gr. f, 4. mgr. 45. gr. f eða 45. gr. g í tilskipun 2014/59/ESB skulu skilastjórnvöld einungis senda Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í dálkum 0010 til 0100 og 0270 í I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Fyrir stofnanir þar sem endurfjármögnunarfjárhæðin, sem ákveðin er í samræmi við 2. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB, er núll og þegar engar breytingar eru gerðar á tapþolsfjárhæð í samræmi við þá málsgrein skulu skilastjórnvöld einungis senda Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í dálkum 0010 til 0080 og 0270 í I. viðauka við þessa reglugerð.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

*3. gr.***Skýrslugjafaryfirvaldið og upplýsingar sem veita skal um samstæður**

Fyrir samstæður sem falla undir lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar á samstæðugrunni í samræmi við 45 gr. e, þriðju undirgrein 1. mgr. 45. gr. f og b-lið 4. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB skulu eftirfarandi yfirvöld leggja fram upplýsingarnar sem vísað er til í 1. og 2. gr. á eftirfarandi hátt:

- a) skilastjórnvald á samstæðustigi, í samráði við eftirlitsyfirvald á samstæðustigi, skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar móðurfyrirtækis í Sambandinu sem er sett á samstæðugrunni,
- b) skilastjórnvöld, er taka ákvarðanir sem setja lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, í samráði við lögbæra yfirvaldið, skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um þá lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem beita skal á dótturfélög samstæðunnar í lögsögu þeirra á samstæðustigi skilasamstæðu og á einingargrunni eftir því sem við á.

*4. gr.***Skýrslutímabil og skiladagar**

Skilastjórnvöld skulu, fyrir 31. maí ár hvert, senda upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. gr. fyrir lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem gilda frá og með 1. maí það ár.

*5. gr.***Gagnaskiptasnið og upplýsingar sem fylgja afhendingum**

1. Skilastjórnvöld skulu leggja fram upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. gr. á gagnaskiptasniðinu og í samræmi við tækniforskriftir og framsetningu tilkynningakerfis Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EUCLID).
2. Við afhendingu upplýsinganna, sem um getur í 1. og 2. gr., skulu skilastjórnvöld virða gagnapunktsskilgreiningar gagnapunktalíkansins og sannprófunarreglurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka og eftirfarandi forskriftir:
 - a) ekki skal taka með upplýsingar sem ekki er krafist eða eiga ekki við í framlagningu gagna,
 - b) tölugildi skulu lögð fram eins og hér segir:
 - i. gagnapunktur af gagnategundinni „Fjárhæð“ skulu gefnir upp með lágmarksnákvæmni sem jafngildir þúsundum mælieininga,
 - ii. gefa skal upp gagnapunkta af gagnategundinni „Prósenta“ í einingum með lágmarksnákvæmni sem jafngildir fjórum tugasetum,
 - iii. setja skal fram gagnapunkta af gagnategundinni „Heil tala“ án tugaseta og með nákvæmni sem jafngildir einingum,
 - c) auðkenna skal stofnanir, váttryggingafélög og lögaðila með auðkenni lögaðila (LEI) þegar hægt er.

*6. gr.***Niðurfelling**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/308 er hér með felld úr gildi.

*7. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

M 20.00 – Skýrslugjöf um ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

STOFNUN														
EIN- INGARKÓDI	TEGUND KÓDA	SKILAADILA	TEGUND KÓDA	SAMSTÆDU- AFMÖRKUN	TEGUND STOFNUNAR	INNRI OG YTRI LÁGMARKS- KRÖFUR UM EIGINFJÁR- GRUNN OG HÆFAR SKULD- BINDINGAR	EINFÖLDUÐ SKÝRSLU- GJÖF	UNDANÞÁGA	ÁSTÆÐA UNDANÞÁGA	SKILASTEFNA OG ÚRRÆÐI				
										SKILASTEFNA	HELSTA SKILAÚR- RÆÐI (ÆSKILEG STEFNU- ÁÆTLUN)	ANNAÐ SKILAÚR- RÆÐI (ÆSKILEG STEFNU- ÁÆTLUN)	HELSTA SKILAÚR- RÆÐI (FRÁVIKS- STEFNU- ÁÆTLUN)	ANNAÐ SKILAÚRRÆÐI (FRÁVIKS- STEFNU- ÁÆTLUN)
0010	0020	0030	0040	0050	0060	0070	0080	0090	0100	0110	0120	0130	0140	0150

STOFNUN				GÖGN ÚR EFNAHAGSREIKNINGI SEM NOTUÐ ERU TIL AÐ FÍNSTILLA LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR							
VIÐBÓTARKRÖFUR UM EIGINFJÁRGRUNN OG SAMANLÖGÐ KRAFA UM EIGINFJÁRAUKA				VIÐMIÐUNARDAG- SETNING	FYRIR SKIL			EFTIR SKIL			
VIÐMIÐUNARDAG- SETNING	VIÐBÓTARKRÖFUR UM EIGINFJÁRGRUNN SEM % AF HEILDARÁHÆTT- UGRUNNI	SAMANLÖGÐ KRAFA UM EIGINFJÁRAUKA	ÞAR AF: HLUTFALL SVEIFLUJÖFNUN- ARAUKA		HEILDARÁHÆTTU- GRUNNUR	SAMANLAGÐAR SKULDIR OG EIGINFJÁR- GRUNNUR	HEILDAR- MÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULD- BINDINGAR	HEILDARÁHÆTT- UGRUNNUR	SAMANLAGÐAR SKULDIR OG EIGINFJÁR- GRUNNUR	HEILDAR- MÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULD- BINDINGAR	
0160	0170	0180	0190	0200	0210	0220	0230	0240	0250	0260	

ÁKVÖRDUN UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR											
DAGSETNING ÁKVÖRDUNAR	HLÍTNIDAG- SETNING	KRAFA SEM % AF HEILDARÁHÆTT- UGRUNNI	ÞAR AF: MÁ MÆTA MEÐ TRYGGINGUM	KRAFA SEM % AF HEILDAR- MÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULD- BINDINGAR	ÞAR AF: MÁ MÆTA MEÐ TRYGGINGUM	VÍKJANDI SKULDIR SAMTALS SEM % AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI		VÍKJANDI SKULDIR SAMTALS SEM % AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR		HEIMILD TIL FORG- ANGLÁNS	MINNSTA HEIMILD
						LÖGBUNDIN KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR	VALKVÆÐ KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR	LÖGBUNDIN KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR	VALKVÆÐ KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR		
0270	0280	0290	0300	0310	0320	0330	0340	0350	0360	0370	0380

LEIÐRÉTTINGAR										UMBREYTINGARTÍMABIL					
LEIÐRÉTTINGAR TIL KVÖRDUNAR Á TAPPOLSFJÁRHÆÐ		LEIÐRÉTTINGAR TIL KVÖRDUNAR Á ENDURFJÁRMÖGNUNAREFJÁRHÆÐ SEM % AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI						LEIÐRÉTTINGAR TIL KVÖRDUNAR Á ENDURFJÁRMÖGNUNAREFJÁRHÆÐ SEM % AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR		MILLIMARKMÍÐ					
		LEIÐRÉTTINGAR Á VIÐBÓTARKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN		LEIÐRÉTTINGAR Á EIGINFJÁRAUKA VEGNA TRAUSTS MARKADARINS		LEIÐRÉTTINGAR SEM LEIÐA AF BREYTINGU Á EFNAHAGSREIKNINGI EFTIR SKILAMEDFERÐ		LEIÐRÉTTINGAR SEM LEIÐA AF BREYTINGU Á EFNAHAGSREIKNINGI EFTIR SKILAMEDFERÐ		SEM % AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI			SEM % AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR		
SEM % AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI	SEM % AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR	UPP Á VIÐ	NIÐUR Á VIÐ	UPP Á VIÐ	NIÐUR Á VIÐ	UPP Á VIÐ	NIÐUR Á VIÐ	UPP Á VIÐ	NIÐUR Á VIÐ	STIG LÁGMARKS-KRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR	VÍKJANDI SKULDIR	UMSÓKN-ARDAGUR	STIG LÁGMARKS-KRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR	VÍKJANDI SKULDIR	UMSÓKN-ARDAGUR
0390	0400	0410	0420	0430	0440	0450	0460	0470	0480	0490	0500	0510	0520	0530	0540

*II. VIÐAUKI***LEIÐBEININGAR UM SKÝRSLUGJÖF UM ÁKVARÐANIR UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR****I. HLUTI****ALMENNAR LEIÐBEININGAR**

1. Viðauki þessi nær til leiðbeininga um skýrslugerð í samræmi við 45. gr. j í tilskipun 2014/59/ESB um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) sem skilastjórnvöld ákveða.
2. Hvert skilastjórnvald skal, í samráði við lögbær yfirvöld, tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um lágmarkskröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem settar voru fyrir hverja stofnun sem er undir lögsögu þess. Að því er varðar skilasarastæður skal skilastjórnvaldið á samstæðusamstigi senda viðeigandi upplýsingar til móðurfyrirtækisins í Sambandinu á samstæðugrunni. Hvert skilastjórnvald skal senda upplýsingar varðandi lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem settar voru að því er varðar skilasarastæður og dótturfélög.
3. Að því er varðar samstæður sem stofnaðar eru eða hafa dótturfélög innan bankasambandsins mun sameiginlega skilastjórnin gefa skýrslu um ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við allar einingar sem falla undir lögsögu þess eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽¹⁾.
4. Þegar undirliggjandi gögn eru í öðrum gjaldmiðli en evru skulu yfirvöld nota viðmiðunarvexti evru hjá Seðlabanka Evrópu (https://www.ecb.europa.eu/stats/policy_and_exchange_rates/euro_reference_exchange_rates/html/index.en.html) frá dagsetningu ákvörðunar um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar og gefa allar fjárhæðir upp í evrum.
5. Þegar stofnun hefur verið undanþegin lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skal tilgreina það í dálki 0090 og skilastjórnvaldið getur gripið til einfaldaðrar skýrslugerðar með því að tilkynna einungis upplýsingarnar í dálkum 0010 til 0100. Þegar stofnun fellur undir endurfjármögnunarfjárhæðina núll og engin leiðrétting er gerð á tapþolsfjárhæð getur skilastjórnvaldið valið einfaldaða skýrslugerð og tilkynnt aðeins upplýsingarnar í dálkum 0010 til 0080.

1. Gildissvið tilkynningarinnar

6. Stofnanir (þ.m.t. fjárfestingarfyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 23. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB) og eininga sem um getur í b-, c- og d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem falla undir 1. mgr. 45. gr. þeirrar tilskipunar, að undanskildum veðlánastofnunum sem eru fjármagnaðar með sértryggðum skuldabréfum sem eru undanþegin lágmarkskröfum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar í samræmi við 45 gr. a í tilskipun 2014/59/ESB.

2. Gildissvið samstæðureikningsskila

7. Greina skal frá undirliggjandi gögnum á einingargrunni fyrir hverja einingu innan hvers aðildarríkis eða á stigi eftirfarandi:
 - a) móðurfyrirtækis í Sambandinu á samstæðugrundvelli þegar samstöðuafmörkun móðurfyrirtækisins í Sambandinu er sambærileg við samstæðuafmörkun skilasarastæðunnar,
 - b) þegar það er frábrugðið a-lið, fyrir hvern skilaaðila á samstæðustigi skilasarastæðu í samræmi við 45. gr. e í tilskipun 2014/59/ESB,
 - c) eftir því sem við á, fyrir móðurfyrirtæki á samstæðugrundvelli í samræmi við b-lið 4. mgr. 4. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB eða þriðju undirgrein 1. mgr. 45. gr. f í þeirri tilskipun.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasarjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

3. Skilafrestur

8. Skilastjórnvöld skulu senda upplýsingar um lágmarkskröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem var í gildi 1. maí hvert ár, fyrir 31. maí á því ári.

II. HLUTI

LEIÐBEININGAR SEM VARÐA SNIÐMÁT

4. M 20.00 – Skýrslugjöf um ákvarðanir um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

4.1. Leiðbeiningar að því er varðar sérstaka dálka

Dálkur	Lagastoð og leiðbeiningar
0010	<p><u>EININGARKÓÐI</u></p> <p>Kóði einingarinnar sem ákvörðunin um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar hefur verið tekin fyrir. Kóðinn fyrir stofnanir skal vera 20 alstafa auðkenniskóði lögaðila (LEI-kóði). Fyrir aðra aðila skal kóðinn vera hinn 20 alstafa LEI-kóði, eða þegar hann er ekki tiltækur, kóði samkvæmt samræmdri kóðun sem er tiltæk í Sambandinu eða landsbundinn kóði þegar hann ekki tiltækur.</p> <p>Kóðinn skal vera í samræmi við kóðann sem tilkynntur var fyrir sömu stofnun samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1624 ⁽²⁾. Kóðinn skal ætíð hafa gildi. Þessi kóði skal vera einkvæmt auðkenni fyrir hvern dálk fyrir viðkomandi einingu.</p>
0020	<p><u>TEGUND KÓÐA</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvaldið skal tilgreina tegund kóða sem greint er frá í dálki 0010 sem „LEI kóða“ eða „ekki LEI kóða“. Alltaf skal gefa upp tegund kóðans.</p>
0030	<p><u>KÓÐI SKILAAÐILA</u></p> <p>Kóði þess skilaaðila sem einingin tilheyrir. Kóði þessi skal vera hinn sami og í dálki 0010 ef uppgöfin ákvörðun er samstæðuákvörðun. Fyrir stofnanir skal kóðinn vera 20 alstafa LEI-kóði. Fyrir aðra aðila skal kóðinn vera 20 alstafa LEI-kóði, eða þegar hann er ekki tiltækur, kóði samkvæmt samræmdri kóðun sem tiltæk er í Sambandinu, eða, þegar ekki tiltækur, landsbundinn kóði.</p> <p>Kóðinn skal vera í samræmi við tilkynntan kóða fyrir sömu stofnun samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624.</p>
0040	<p><u>TEGUND KÓÐA</u></p> <p>Skýrsluyfirvaldið skal tilgreina tegund kóða sem greint er frá í dálki 0030 sem „LEI kóði“ eða „ekki LEI kóði“. Alltaf skal gefa upp tegund kóðans.</p>
0050	<p><u>SAMSTÆÐUAFMÖRKUN</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar með einni af eftirfarandi samstæðuafmörkunum:</p> <ol style="list-style-type: none"> skilasamstæða, á samstæðustigi móðurfyrirtækis í samræmi við b-lið 4. mgr. 45. gr. f eða þriðju undirgreinar 1. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB, einstaklingur.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1624 frá 23. október 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur og stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaaætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 (Stjtúð. ESB L 277, 7.11.2018, bls. 1).

0060	<p><u>TEGUND STOFNUNAR</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu (G-SII) eins og hún er skilgreind í 133. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 575/2013 ⁽³⁾, b) skilaaðila eins og hann er skilgreindur í 5. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB sem er hluti af skilasamstæðu sem á heildareignir sem eru meiri en 100 milljarðar evra á skilasamstæðustigi, c) skilaaðila eins og hann er skilgreindur í 6. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB sem er hluti af skilasamstæðu er á heildareignir sem eru minni en 100 milljarðar evra og skilastjórnvaldið hefur metið svo að töluverðar líkur séu á að kerfisleg áhætta gæti myndast við fall hans, d) aðra lánastofnun, e) verðbréfafyrirtæki, f) aðrar einingar sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/59/ESB.
0070	<p><u>INNRI OG YTRI</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) innra: lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem er beitt á einingar sem eru ekki sjálfar skilaaðilar skv. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB eða skilaaðilar eins og um getur í fjórðu undirgrein 45. gr. f í þeirri tilskipun og falla ekki undir 3. mgr. 45. gr. e í þeirri tilskipun. b) ytri: lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er beitt á skilaaðila skv. 45. gr. e í tilskipun 2014/59/ESB.
0080	<p><u>EINFÖLDUÐ SKÝRSLUGJÖF</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina hvort einfaldaðri skýrslugjöf fyrir stofnanir, þar sem endurfjármögnunarupphæðin er núll og þar sem ekki hefur verið gerð leiðrétting á tapþolsfjárhæðinni, hafi verið beitt:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Já — Nei
0090	<p><u>UNDANÞÁGA</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu gefa til kynna hvort undanþága sé veitt á grundvelli eftirfarandi ákvæða tilskipunar 2014/59/EU eða hvort engin undanþága sé veitt:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) 3. mgr. 45. gr. f, b) 4. mgr. 45. gr. f, c) 45. gr. g, d) engin undanþága.
0100	<p><u>ÁSTÆDA UN DANÞÁGU</u></p> <p>Þegar tilkynnt hefur verið um annan valkost en „Nei“ í dálki 0090 skulu skýrslugjafaryfirvöld lýsa ástæðunni fyrir því að undanþága er veitt.</p>
0110–0150	<p><u>SKILASTEFNA OG ÚRRÆÐI</u></p>
0110	<p><u>SKILASTEFNA</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) einvíða skilaaðgerð, b) margvíða skilaaðgerð, c) slit.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

0120	<p><u>HELSTA SKILAÚRRÆÐI (ÆSKILEG STEFNUÁÆTLUN)</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) eftirgjöf með áframhaldandi rekstri, b) brúarstofnun, c) aðgreining eigna, d) sala starfsemi, e) á ekki við. <p>Þegar greint var frá dálki 0110 sem „slit“ skal tilkynna dálk 0120 sem „á ekki við“.</p>
00130	<p><u>ANNAÐ SKILAÚRRÆÐI (ÆSKILEG STEFNUÁÆTLUN)</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) eftirgjöf með áframhaldandi rekstri, b) brúarstofnun, c) aðgreining eigna, d) sala starfsemi, e) á ekki við. <p>Þegar greint var frá dálki 0110 sem „slit“ eða þegar engin önnur stefna er tilkynnt skal tilkynna þennan dálk sem „á ekki við“.</p>
0140	<p><u>HELSTA SKILAÚRRÆÐI (FRÁVIKSSTEFNUÁÆTLUN)</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða (eftir atvikum):</p> <ul style="list-style-type: none"> a) eftirgjöf með áframhaldandi rekstri, b) brúarstofnun, c) aðgreining eigna, d) sala starfsemi, e) á ekki við. <p>Þegar greint var frá dálki 0110 sem „slit“ skal tilkynna þennan dálk sem „á ekki við“.</p>
0150	<p><u>ANNAÐ SKILAÚRRÆÐI (FRÁVIKSSTEFNUÁÆTLUN)</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina eitt eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) eftirgjöf með áframhaldandi rekstri, b) brúarstofnun, c) aðgreining eigna, d) sala starfsemi, e) á ekki við. <p>Þegar greint var frá dálki 0110 sem „slit“ eða þegar engin önnur stefna er tilkynnt skal tilkynna þennan dálk sem „á ekki við“.</p>
0160-0190	<p><u>VIÐBÓTARKRÖFUR UM EIGINFJÁRGRUNN OG SAMANLÖGD KRAFA UM EIGINFJÁRAUKA</u> Byggja skal upplýsingarnar um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt 104. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽⁴⁾, sem notaðar eru sem inntak til að kvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, á nýjustu tiltæku kröfu vegna eiginfjárgrunns sem lögbær yfirvöld hafa tilkynnt að sé heimilaður þegar kvörðun á lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fer fram.</p>

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtid. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

0160	<u>VIÐMIÐUNARDAGSETNING</u> Dagsetningin þegar lögbæra yfirvaldið tilkynnir stofnuninni um viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjárauka.
0170	<u>KRAFA SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI</u> Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn skv. 104 gr. a í tilskipun 2013/36/ESB sem notuð er til að kvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða eins og áætlað er í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla sem samþykktir eru skv. 4. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.
0180	<u>SAMANLÖGD KRAFA UM EIGINFJÁRAUKA</u> Samanlögð krafa um eiginfjárauka sem um getur í 6. lið 1. mgr. 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Fjárhæðin sem tilgreind er skal tákna fjárhæð eiginfjárgrunnsins sem þarf til að uppfylla viðkomandi kröfur um eiginfjárauka eða eins og metið er í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla sem samþykktir eru skv. 4. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.
0190	<u>ÞAR AF: HLUTFALL SVEIFLUJÓFNUNARAUKA</u> Ákvæði 2. liðar 128. gr., 130. gr. og 135–140. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Fjárhæðin sem tilgreind er skal standa fyrir eiginfjárgrunnsfjárhæðina sem þörf er á til að uppfylla viðkomandi kröfur um eiginfjárauka sem notaðar eru til að kvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.
0200–0260	<u>DAGSETNING EFNAHAGSREIKNINGS SEM NOTAÐUR ER TIL AÐ KVARÐA LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR</u>
0200	<u>VIÐMIÐUNARDAGSETNING</u> Tilvísunardagur gagna sem greint er frá í dálkum 0210 til 0260.
0210 til 0230	<u>FYRIR SKILAMEDFERÐ</u> Dagsetning efnahagsreiknings sem notaður er til að kvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir skilamedferð.
0240 til 0260	<u>EFTIR SKILAMEDFERÐ</u> Dagsetning efnahagsreiknings sem notaður er til að kvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eftir skilamedferð.
0210, 0240	<u>HEILDARÁHÆTTUGRUNNUR</u> Heildaráhættugrunnur í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. 2014/59/ESB og 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013.
0220, 0250	<u>SAMANLAGÐAR SKULDIR OG EIGINFJÁRGRUNNUR (TLOF)</u> Samtala allra skulda og eiginfjárgrunns reikningsskilaeiningar. Að því er varðar afleiður skal virðið sem nota á vera samtala hreinna skuldastaðna að teknu tilliti til varfærnisreglna um skuldajöfnun. Liður þessi samsvarar upplýsingunum sem tilgreindar eru í röð 0600 í sniðmáti Z 02.00 í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1624.
0230, 0260	<u>HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR (TEM)</u> Heildarmælistærð áhættuskuldbindingar í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2013/59/ESB, 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
0270 til 0380	<u>ÁKVÖRDUN UM LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR</u>
0270	<u>DAGSETNING ÁKVÖRDUNAR</u> Dagsetningin þegar skilastjórnvald tók ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða samþykkti undanþáguákvörðun.
0280	<u>HLÍTNIDAGSETNING</u> Dagsetning þegar stofnunin skal fyrst hlíta ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar eða ákvörðun um undanþágu.
0290	<u>KRAFA SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI</u> Skýrslugjafaryfirlit skulu tilgreina lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar gefnar upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni, reiknað út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013.

0300	<p><u>ÞAR AF: MÁ MÆTA MEÐ TRYGGINGUM</u></p> <p>Sá hluti kröfunnar sem greint var frá í dálki 0290 og sem, með leyfi hlutaðeigandi skilastjórnvalds, má mæta með tryggingum sem skilaaðili leggur fram í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB, gefið upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni og reiknað út í samræmi við 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0310	<p><u>KRAFA SEM HLUTFALL AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR</u></p> <p>Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar einingarinnar, gefnar upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar, reiknuð út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>
0320	<p><u>ÞAR AF: MÁ MÆTA MEÐ TRYGGINGUM</u></p> <p>Sá hluti kröfunnar sem greint var frá í dálki 0310 og sem, með leyfi hlutaðeigandi skilastjórnvalds, má mæta með tryggingu sem skilaaðilinn leggur fram í samræmi við 5. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB, gefið upp sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar og reiknað út í samræmi við 4. mgr. 429. gr. og 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>
0330 til 0340	<p><u>VÍKJANDI SKULDIR SAMTALS SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina upphæð kröfu um víkjandi skuldir sem hlutfall af heildaráhættugrunni (100% fyrir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar).</p>
0350 til 0360	<p><u>VÍKJANDI SKULDIR SAMTALS SEM HLUTFALL AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina upphæð kröfu um víkjandi skuldir sem hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar (100% fyrir innri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar).</p>
0330, 0350	<p><u>LÖGBUNDIN KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina upphæðir krafna um víkjandi skuldir í samræmi við 5. og 6. mgr. 45. gr. c og a-lið 2. mgr. 45. gr. d í tilskipun 2014/59/ESB, þ.m.t. áhrifin af beitingu 4. mgr. 45. gr. b í tilskipun 2014/59/ESB,</p>
0340, 0360	<p><u>VALKVÆÐ KRAFA UM VÍKJANDI SKULDIR</u></p> <p>Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina upphæðir krafna um víkjandi skuldir í samræmi við 5. eða 7. mgr. 45. gr. b í tilskipun 2014/59/ESB.</p>
0370	<p><u>HEIMILD TIL FORGANGLÁNS</u></p> <p>Fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu skýrslugjafaryfirvöld tilgreina hlutfall skulda sem heimilað er að teljist vera gæmingar vegna hæfra skuldbindinga allt að samanlagðri fjárhæð sem ekki er meiri en 3,5% af heildaráhættugrunni sem er reiknað út í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.</p>
0380	<p><u>MINNSTA HEIMILD</u></p> <p>Fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu skýrslugjafaryfirvöld tilgreina hlutfall undanskilinna skulda sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem með tilliti til ógjaldfærni er heimilt að flokka sem jafngildar eða undir hæfum skuldbindingum stofnunarinnar í samræmi við 4. mgr. 72. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.</p>
0390 til 0480	<p><u>LEIÐRÉTTINGAR</u></p>
0390 til 0400	<p><u>LEIÐRÉTTINGAR Á KVÖRDUN TAPPOLSFJÁRHÆÐAR SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI OG HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR</u></p> <p>Leiðréttingar á tappolsfjárhæðinni skv. annarri undirgrein 2. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB gefið upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.</p>
0410 til 0460	<p><u>LEIÐRÉTTINGAR TIL KVÖRDUNAR Á ENDURFJÁRMÖGNUNARFJÁRHÆÐ SEM HLUTFALL AF HEILDARÁHÆTTUGRUNNI</u></p> <p>Leiðréttingar á endurfjármögnunarfjárhæðinni skv. ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 45. gr. c eða ii. lið a-liðar fyrstu undirgreinar 7. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB gefið upp sem hlutfall af heildaráhættugrunni.</p>

0410 til 0420	<u>LEIÐRÉTTINGAR Á VIÐBÓTARKRÖFU VEGNA EIGINFJÁRGRUNNS</u> Tilgreina skal allar breytingar á viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem um getur í 104 gr. a í tilskipun 2013/36/ESB skv. b-lið fimmtu undirgreinar 3. mgr. 45. gr. c eða b-lið fimmtu undirgreinar 7. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.
0430 til 0440	<u>LEIÐRÉTTINGAR Í TENGLUM VIÐ EIGINFJÁRAUKA VEGNA TRAUSTS MARKAÐARINS</u> Leiðréttingar skv. sjöttu undirgrein 3. mgr. 45. gr. c eða sjöttu undirgrein 7. mgr. 45. gr. c í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/59/ESB.
0450 til 0460	<u>LEIÐRÉTTINGAR SEM LEIÐA AF BREYTINGU Á EFNAHAGSREIKNINGI EFTIR SKILAMEÐFERÐ</u> Leiðréttingar skv. a-lið fimmtu undirgreinar 3. mgr. 45. gr. c eða a-lið fimmtu undirgreinar 7. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB.
0470 til 0480	<u>LEIÐRÉTTINGAR TIL KVÖRÐUNAR Á ENDURFJÁRMÖGNUNARFJÁRHÆÐ SEM HLUTFALL AF HEILDARMÆLISTÆRÐ ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR</u> Leiðréttingar á endurfjármögnunarfjárhæð sem leiðir af breytingum á efnahagsreikningi eftir skilameðferð skv. ii. lið b-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr. c eða ii. lið b-liðar fyrstu undirgreinar 7. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB gefnar upp sem hlutfall af heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga.
0410, 0430, 0450, 0470	<u>UPP</u>
0420, 0440, 0460, 0480	<u>NIÐUR</u>
0490 til 0540	<u>UMBREYTINGARTÍMABIL</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina öll millimarkmið sem þau kunna að hafa sett sér fyrir árin á eftir skýrslugjafardagsetningunni. Markmiðið skal gefið upp bæði sem hlutfall af heildaráhættugrunni og hlutfall af heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.
0490, 0520	<u>STIG LÁGMARKSKRÖFU UM EIGINFJÁRGRUNN OG HÆFAR SKULDBINDINGAR</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina heildarlágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem stofnanir skulu mæta á dagsetningu millimarkmiðs.
0500, 0530	<u>VÍKJANDI SKULDIR</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina víkjandi heildarskuldir sem stofnanir skulu mæta á dagsetningu millimarkmiðs.
0510, 0540	<u>FRAMKVÆMDARDAGUR</u> Skýrslugjafaryfirvöld skulu tilgreina umbreytingardagsetningar á leiðinni að hlítu við lágmarkskröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar.

*III. VIÐAUKI***Samræmda gagnapunktalíkanið og sannprófunarreglur**

FYRSTI HLUTI

Samræmt gagnapunktalíkan

Öllum gagnaatriðum sem sett eru fram í I. og II. viðauka skal umbreytt í samræmt gagnapunktalíkan sem er grunnurinn að samræmdu upplýsingatækni kerfi skilastjórnvalda.

Samræmda gagnapunktalíkanið skal uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

- a) gefa skipulega framsetningu á öllum gagnaatriðum sem sett eru fram í I. og II. viðauka,
- b) tilgreina öll viðskiptahugtök sem sett eru fram í I. og II. viðauka,
- c) setja fram gagnalýsingasafn þar sem auðkennd eru töflu-, lóðhnita-, áslínu-, léna- sviðs- og aðilaheiti,
- d) hafa mælistiku sem skilgreinir eiginleika eða fjölda gagnapunkta,
- e) veita gagnapunktsskilgreiningar settar fram sem samsetning einkenna sem ótvírætt auðkenna fjárhagslega hugtakið,
- f) innihalda allar viðeigandi tækniforskriftir sem nauðsynlegar eru til að þróa upplýsingatæknilausnir fyrir skýrslugjöf sem skila samræmdum skilameðferðartilkyningum.

ANNAR HLUTI

Sannprófunarreglur

Gagnaatriðin sem sett eru fram í I. og II. viðauka skulu falla undir sannprófunarreglur sem tryggja gæði gagna og samkvæmni.

Sannprófunarreglurnar skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

- a) ákvarða röklega sambandið milli viðkomandi gagnapunkta,
- b) geyma síur og skilyrði sem ákvarða gagnamengið sem sannprófunarreglurnar eiga við um,
- c) ganga úr skugga um samkvæmni tilgreindu gagnanna,
- d) ganga úr skugga um áreiðanleika tilgreindu gagnanna,
- e) setja sjálfgildi sem skal nota ef ekki hefur verið tilkynnt um viðkomandi upplýsingar.
